

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2018

1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2018 voru 818 í dagskóla. Að auki tóku 99 grunnskólanemendur áfanga í vali, ýmist einn áfanga eða fleiri á einu ári eða önn og síðan voru 3 nemendur í fjarnámi í netagerð og voru að ljúka námi sem þeir höfðu þegar hafið. Annars var gerður samningur við Fisktækniskólann um að þeir myndu annast kennslu í netagerð og nemendur sem voru að hefja nám í þeirri grein höfðu samband við Fisktækniskólann.

Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Nemendur voru 922 í dagskóla á haustönn, 1 fjarnámsnemandi og 158 grunnskólanemar eða samtals 1081.

Allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en nýnemar voru heldur færri en árið áður eða 229 og veldur því ef til vill fækkun í árgangi milli ára. Það sem vakti athygli var kynjaskiptingin meðal nýnema en 59% voru drengir en stúlkurnar voru 41% (sem er sama hlutfall og í skólanum).

Hafa ber í huga að mikil fjölgun er á svæðinu umfram það sem spáð hafði verið fyrir tveimur árum en þá var gert ráð fyrir fækkun á næstu árum í hverjum árgangi. Fjöldi í næstu árgöngum samkvæmt tölum frá grunnskólunum á svæðinu frá í haust má sjá á meðfylgjandi töflu.

1. bekkur 2012	2. bekkur 2011	3. bekkur 2010	4. bekkur 2009	5. bekkur 2008	6. bekkur 2007	7. bekkur 2006	8. bekkur 2005	9. bekkur 2004	10. bekkur 2003
338	416	372	390	373	357	328	339	333	320

Fjöldatölur á hvorri önn má sjá á eftirfarandi töflu

	vor 2018	haust 2018
Dagskólanemendur	818	922
Fjarnámsnemendur	3	1
Grunnskólanemendur	99	158
Alls	<u>997</u>	<u>1070</u>

Drengir voru að sama skapi fjölmennari en stúlkur í heildina en aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni eins og jafnan áður. Athygli vekur að nemendum á framhaldsskóla-brautum hefur fjölgað mikið en þær koma í stað almennra brauta. Athyglisvert er að 60% nýnema sem innrituðust á haustönn fóru á framhaldsskólabraut þar sem þeir uppfylltu ekki inntökuskilyrði á

aðrar brautir. Rétt um helmingur nemenda var á stúdentsbrautum og stúlkur í miklum meirihluta þar, síðan komu starfsnáms- og verknámsbrautir en strákar voru þar í miklum meirihluta. Rétt er að geta þess að skólinn hefur fjölgað stúdentsbrautum um þrjár með því að breyta þremur þriggja ára starfsnámsbrautum í stúdentsbrautir. Þetta skýrir að hluta fækkunina sem kemur fram á starfsnámsbrautum. Annað sem vekur athygli í þessum tölum er kynjaskiptingin. Stúlkur sækja í stúdentsnám mun frekar en strákar en þeir sækja mun meira í verknám. Árgangurinn sem kom inn haustið 2018 var slakari námslega en verið hefur sem sést best á því að 60% nýnema var að innritast á framhaldsskólabrautir (uppfyllti ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir þar sem þau voru með stjörnumerka einkunn, C eða D í kjarnagreinum) eða starfsbraut eins og áður er nefnt. Einnig vekur athygli að stúlkur úr 10. bekk sem voru að taka valgreinar voru heldur fleiri en strákarnir og þær sóttu í bóklega áfanga en strákarnir í verklega.

Skipting nemenda á námsbrautir dagskóla haust 2018 greind eftir kyni.

<i>Námsbrautir</i>	2018			2018 hlutfall		
	Strákar	Stelpur	Alls	Strákar	Stelpur	Alls
Framhaldsskólabrautir	160	103	263	29%	27%	29%
Starfsnám	21	17	38	4%	5%	4%
Verknám	123	9	132	23%	2%	14%
Stúdentsbrautir	198	234	432	36%	62%	47%
Starfsbraut	44	13	57	8%	3%	6%
	546	376	922	59%	41%	
10. bekkur	72	86				

Á töflunni hér að ofan má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir eins og hún var síðastliðið haust.

Flestir nemendur koma af Suðurnesjum eða rúm 97% og flestir úr Reykjanesbæ eða rétt um 67%. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvaðan nemendur skólans eru að koma.

Heimili	Hlutfall
Garður	7,5%
Grindavík	12,0%
Reykjanesbær	67,1%
Sandgerði	8,4%
Vogar	2,3%
Annað	2,7%

Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu nemenda, yfir nokkur ár, á þessum tveimur önnum sem hlutfall, skipt eftir kyni fyrir báðar annir.

Aldurssamsetning nemendahópsins vor og haust 2018

Vor 2018			Haust 2018		
Fæðingarár	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
			2002	24%	27%
2001	31,9%	27,7%	2001	27%	25%
2000	24,6%	27,1%	2000	20%	23%
1999	16,5%	25,7%	1999	11%	16%
1998	11,9%	7,4%	1998	7%	2%
1997	6,5%	3,8%	1997 og fyrr	12%	7%
1996 og fyrr	8,6%	8,3%			

Í skólanum eru nemendur af 18 þjóðernum og eru pólverjar langfjölmennastir nemenda með erlent ríkisfang eða 59% af þeim sem hafa erlent ríkisfang. Í heildina eru 6,1% nemenda í Fjölbrotaskóla Suðurnesja með erlent ríkisfang.

2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans www.fss.is/index.php/namid/brautir.

Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Búið er að setja upp sjö stúdentsbrautir í námskrárgrunninum og þær hafa hlotið samþykki ráðuneytisins. Á árinu var unnið að því að setja upp þrjár aðrar brautir til viðbótar þeim þremur sem fyrir voru og síðan eina til sem er viðbótarnám eða tæknistúdent. Þrjár voru búnar til úr þriggja ára starfsnámsbrautum tengdar tölvufræðibraut, listnámsbraut og íþróttabraut eins og áður er vikið að. Þær eru 200 f-einingar eins og hinar og eru skipulagðar þannig að nemendur eiga að geta lokið þeim á þremur árum. Búið er að setja inn framhaldsskólabrautirnar (sem eru 10) og þá eru 18 brautir komnar inn í námskrárgrunnin. Einungis er eftir að fá samþykki ráðuneytisins fyrir verknámsbrautunum en margt hefur orðið til að tefja framgang þeirra. Þar munum við fylgja þeim brautum sem fá samþykki.

Markmiðið með framhaldsskólabrautunum er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknám en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði.

Starfsbrautinni var breytt og búin var til framhaldsskólabraut-starfsbraut fyrir þá nemendur sem áður höfðu verið á st-16. Með því er verið að skilja þá nemendur aðeins frá þeim nemendum sem þurfa meiri aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í kerfinu hefur sú braut verið nefnd stoðbraut vegna tregðu kerfisins við að taka upp heitið framhaldsskólabraut starfsbrautarlína.

Verknámsbrautirnar eru ekki komnar í grunninn en byrjunaráfangarnir eru komnir með nýjum heitum.

Nokkur verkefni voru í gangi á árinu sem voru styrkt. Smá styrkur fékkst frá ráðuneytinu til að sporna gegn brotthvarfi. Ráðinn var verkefnastjóri í hálfu starf til að halda utanum fjarvistir nemenda á haustönn og veita þeim aðhald sem þurftu. Samningur sem gerður var við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi þjónustu sálfræðinga var endurnýjaður við upphaf haustannar og stefna skólans að halda þeirri þjónustu áfram. Þetta verkefni hefur gengið vel og og er vissulega þörf fyrir það. Styrkur fékkst til að sinna betur menningarläsi nýbúa og kynna þeim ýmislegt í menningu lands og þjóðar, skýrslu um það verkefni var skilað inn í júní þegar verkefninu lauk. Eitt Evrópuverkefni var í gangi um vendikennslu í verklegu námi sem lauk á vorönn 2018.

Þá fór af stað nemendaskiptaverkefni sem hlaut menntastyrk úr sjóði Erasmus+. Verkefninu er stýrt frá Ungverjalandi en aðrir samstarfsaðilar eru frá Litháen, Póllandi, Sikiley og Spáni. Verkefnið heitir National Prides in an European Context og gengur út á að kynna fyrir nemendum menningararfleið ólíkra landa í Evrópu með það að markmiði að auka víðsýni, þekkingu og læsi á umhverfinu innan og utan landssteinanna. Verkefnið mun setja svip sinn á skólann næstu tvö árin með nemendaheimsóknum. Nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja gefst kostur á að fara í námsferðir til samstarfslandanna sem og taka á móti nemendum frá Evrópu.

Á haustönn hófst þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun í skóla. Þetta verkefni er samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og kennarasamtakanna og nær til allra skólastiga. Verkefnið felst í að skilgreina og útfæra stoðkerfi fyrir kennara. Mikilvægur liður í því er að prófa til reynslu þróunarverkefni í skólum um stoðkerfi við starfsþróun sem nýtist við að móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að stuðningi við kennara og við innleiðingu á lærdómssamfélagi í skólastarfi og menntun án aðgreiningar.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatsskýrslu sem má nálgast á heimasíðunni og einnig er hún birt í skólaskýrslunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Skólinn var tekinn í ytra mat á vegum ráðuneytisins á haustönn 2016. Skýrsla með niðurstöðum þeirrar úttektar er á vef ráðuneytisins og á heimasíðu skólans. Í framhaldi af því var unnin úrbótaáætlun og skilað inn. Skýrslu varðandi úrbæturnar hefur verið skilað til ráðuneytisins og telst því máli lokið.

Í innra mati skólans hafa alltaf verið sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum kennslumatið. Niðurstöður þriggja anna má sjá í töflunni hér að neðan. Markmið ofantalinna viðmiðunarþátta náðust öll fyrir 2018. Þar er ánægjulegt að sjá að líðan nemenda var góð að þeirra sögn á síðasta ári og yfir

viðmiðunarmörkum. Reyndar eru allir þættir hærri en þeir hafa áður verið í kennslumatinu á haustönninni og er það mjög ánægjulegt.

Brotthvarfið er lægra á vorönninni en það hefur verið sem ef til vill er vegna ákveðinna aðgerða til að draga úr því en það eykst um eitt prósentustig milli vor- og haustannar sem er ekki gott. Fjöldi þeirra sem hverfur alveg frá námi hefur haldist nokkuð svipaður.

	Haust 2016	Vor 2017	Haust 2017	Vor 2018	Haust 2018	viðmið
Kennslumat almennt	4,18	4,44	4,24	4,34	4,45	4
Hvatningin	3,95	4,25	4,12	4,18	4,35	3,8
Hrósið	4,04	4,26	4,16	4,28	4,34	3,8
Líðan	4,31	4,5	4,24	4,37	4,52	4,25
Brotthvarf	11,30%	9,60%	9,20%	8,80%	9,80%	10%
Hættu á önninni	54 (5,4%)	45 (4,9%)	60 (6,2%)	56 (6,8%)	55 (6%)	

Það voru 7 grunnskólanemendur sem hættu á haustönn 2018 og ef þeir eru taldir með sem brotthvarf þá færi hlutfallið í 6,7%

Brotthvarfið hefur því miður verið of mikið undanfarnar annir og verið að sveiflast á bilinu frá 6,5% upp í rúm 11% sem er of hátt. Þar er miðað við þá sem ekki ljúka prófi en voru skráðir í upphafi, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu hér að ofan.

Þeir sem hættu á önninni eru taldir í næstu línu fyrir neðan og það eru of margir sem halda ekki út og hverfa frá námi. Taflan hér að neðan sýnir aldur þeirra nemenda sem eru að hætta í námi á önninni og skipt eftir kynjum. Þarna má sjá að þriðjungur þeirra sem eru að hætta eru 17 ára og því á öðru ári.

aldur	karl	kona		karl	kona	heild
16	1	1	2	3,1%	4,3%	3,6%
17	11	7	18	34,4%	30,4%	32,7%
18	6	7	13	18,8%	30,4%	23,6%
19	1	1	2	3,1%	4,3%	3,6%
20	5	0	5	15,6%	0,0%	9,1%
21+	8	7	15	25,0%	30,4%	27,3%
	32	23	55			

Hluti brotthvarfsins stafar af kvíða og andlegum erfiðleikum. Sálfræðiþjónustunni er ætlað að mæta því og hefur gert það. Hlutfall nýnema sem hverfur frá námi strax á fyrsta ári hefur lækkað frá því sem var á síðasta ári. Verkefnastjóri með mætingum hefur það hlutverk að halda utanum þann hóp sem er á mætingarsamningi sem og aðra nemendur sem eru að lenda í vandræðum með mætingar. Þannig er reynt að auka aðhald með mætingum nemenda og sporna þannig gegn brotthvarfi vegna óhóflegra fjarvista.

Þó má hafa í huga að brotthvarf á haustönn er alla jafnan meira en á vorönn. Þarna vantar inni tölur fyrir þá nemendur sem hætta eftir önnina og koma ekki á næstu önn.

Það er hryggilegt hversu stór hluti nemenda hverfur frá námi án þess að ljúka nokkur prófi. Sextíu prósent þeirra sem hætta í skólanum eru á aldrinum 16-19 ára.

Þar má hafa í huga það sem nefnt var hér fyrr að um sextíu prósent nýnemahópsins síðastliðið haust var að innritast á framhaldsskólabrautir eða starfsbraut og mikill meirihluti þeirra er strákar. Skuldbinding þessa hóps gagnvart námi er lítil og hluti þeirra kemur aftur í skóla að einhverjum tíma liðnum en þá er oft erfiðara að taka upp þráðinn aftur. Hugsanlega spilar bætt atvinnuástand á svæðinu inni þarna.

Námsráðgjöf og utanumhald hefur verið aukið með þeim hópi sem er hvað lakastur og í mestri brotthvarfshættu en það eru nemendur á framhaldsskólabrautum, fornámi, og starfsbraut eins og fram kom hér að ofan. Námsleiðum hefur fjölgað, námsráðgjöf verið aukin og kennsluháttum breytt. Nýr áfangi var tekinn upp á haustönn, NEMÓ, sem var kenndur tvisvar í viku og allir nemendur á framhaldsskólabrautum tóku. Tilgangur þessa áfanga var að upplýsa nýnema um skólann og þá aðstoð sem þeim býðst innan hans. Einnig að vera með markvissa fræðslu og að byggja upp sjálfstraust meðal nemenda og aðstoða við námið. Við lok skólaársins verður lagt mat á hvernig tiltókst en það sem af er þá lofar þetta góðu.

Lykilatriðið varðandi brotthvarf virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr þessu brotthvarfi og auka um leið fjölda útskrifaðra. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi og því er of snemmt að afskrifa þetta strax.

2. Útskrift

Alls var 171 nemandi útskrifaður frá skólanum árið 2018, 76 karlar og 95 konur, auk þess voru nemendur á almennri braut og framhaldsskólabraut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Skipting útskrifaðra á annir var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut en eru bara taldir á þeirri braut sem var lengri.

Fjöldi sem lauk prófi á hvorri önn.

	vor 18			Haust 18			Fjöldi sem lauk prófi á árinu 2018					
	alls	ste	str	alls	ste	str	alls	ste	str	heild	ste	str
Útskriftarbrautir												
Félagsfræðabraut FÉ99	4	2	2	3	2	1	7	4	3	4,1%	4,2%	3,9%
Fjölgreinabraut FJ15	40	22	18	34	27	7	74	49	25	43,3%	51,6%	32,9%
Náttúrufræðibraut NÁ99	4	1	3				4	1	3	2,3%	1,1%	3,9%
Málabraut MB99	1	1		1	1		2	2	0	1,2%	2,1%	0,0%
Viðbótarnám til stúdentsprófs VN	9	6	3	7	3	4	16	9	7	9,4%	9,5%	9,2%
Listnámsbraut - textíl- og hönnunarlína	1	1		1	1		2	2	0	1,2%	2,1%	0,0%
Listnámsbraut - myndlistarlína	4	3	1	2		2	6	3	3	3,5%	3,2%	3,9%
Netagerðarbraut NG9				1		1	1	0	1	0,6%	0,0%	1,3%
Rafiðngreinar RK8	1		1	7		7	8	0	8	4,7%	0,0%	10,5%
Tölvufræðibraut TFB	1		1	4		4	5	0	5	2,9%	0,0%	6,6%
Vélstjórn, VVA	2		2				2	0	2	1,2%	0,0%	2,6%
Vélstjórn, VVB	1		1				1	0	1	0,6%	0,0%	1,3%
Sjúkraliðabraut-03 SJ	5	5					5	5	0	2,9%	5,3%	0,0%
Starfsbraut ST1	7	4	3				7	4	3	4,1%	4,2%	3,9%
Húsasmíðabraut HÚ8	4		4	2		2	6	0	6	3,5%	0,0%	7,9%
Raunvísindabraut 2015 RAU15	18	14	4	5	2	3	23	16	7	13,5%	16,8%	9,2%
Tölvupjónustubraut TPB	2		2				2	0	2	1,2%	0,0%	2,6%
Heild	104	59	45	67	36	31	171	95	76		55,6%	44,4%

Á ofangreindri töflu má einnig sjá dreifingu nemenda eftir kyni á brautirnar og eins hlutfallsskiptingu nemenda beggja anna á brautir. Það má sjá að mun fleiri stelpur útskrifast af stúdentsbrautum en eingöngu strákar útskrifast af verknáms- og tölvubrautum. Stúlkurnar eru að útskrifast úr sjúkraliðanámi en enginn strákur. Svipað hlutfall kynjanna er á listnámsbraut myndlistarlínu en eingöngu stúlkur á hönnunar- og textíllínu. Útskriftarhópurinn er því nokkuð kynjaskiptur hvað brautir varðar.

Tæp 74% útskriftarnema úr skólanum eru að ljúka stúdentsprófi, einhverjir þeirra samhliða öðru prófi úr starfs- eða verknámi.

Útskrifaðir alls 2018	alls	hlutfall
Stúdentsbrautir	126	73,7%
Starfsnámsbrautir	20	11,7%
Verknámsbrautir	18	10,5%
Starfsbrautir	7	4,1%

3. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 99 á vorönn, þar af 78 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar, 6 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Starfsmenn á haustönn voru 97, þar af 71 kennari, stjórnendur og ráðgjafar, 8 stundakennarar en aðrir starfsmenn voru 18. Ræsting er samkvæmt útboði.

Kynjahlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks var hærra en karlar voru fleiri í hópi stundakennara.

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans

<http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skipurrit>.

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti miðað við haustönn 2018.

Haustönn 2018

Meðalaldur kennara	49,9 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	50,0 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	12,3 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	16,4 ár
Viðbótarorlof samtals	1729,9 klst.
Aldurafsláttur samtals	2512,9 klst.
Heildarkennslumagn á önn	53769,8 klst.
Heildarkennslumagn á viku	2987,2 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1015,6 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	2138 klst.

4. Fjármál og rekstur

Það er stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og það hefur gengið eftir til þessa.

Niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað á búnaðarkaupum og endurnýjun búnaðar því nokkuð setið á hakanum. Afgangur af fjárveitingum hefur verið nýttur í endurnýjun. Á haustönn var endurnýjuð borð og stólar í tveimur stofum, einnig var endurnýjaður tölvubúnaður í vélstjórnarstofu. Þá var ákveðið að hætta með tölvuvagna en kaupa þess í stað fartölvur og hafa til útláns á bókasafninu fyrir nemendur. Einnig var pantaður CNC rennibekkur í málmsmíðastofuna. Það veldur erfiðleikum þegar verið er að ákvarða búnaðarkaup að uppbætur vegna launa og annars komu ekki fyrr en í lok desember og þá var of seint að bregðast við og kaupa hluti og búnað sem nauðsynlega vantaði.

Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast.

5. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Stjórnendur þessara skóla funda reglulega. Einnig er samstarf

starfsnámskóla á landinu gott og stjórnendur þeirra funda hálfsmánaðarlega þar sem farið er yfir þau mál sem snerta iðn- og verknám sérstaklega. Afrakstur þess samstarfs er meðal annars sú kynning sem verið hefur á iðnnámi og útgáfa 2020 blaðsins sem búið er að gera út tvö undanfarin ár og dreifa til nemenda í efstu bekkjum grunnskóla.

Gott samstarf er við Flensborgarskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ og stjórnendur þessara skóla hafa hist reglulega.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja á gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum allra grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði, skipt eftir skólum, eins og áður hefur verið gert.

Kynningafundur var haldinn þar sem námsframboð skólans var kynnt fyrir námsráðgjöfum og kennurum efstu bekkja grunnskólans.

Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel.

6. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Á haustönninni var stjórn foreldrafélags skólans endurkjörin. Sú stjórn var mjög virk á fyrsta starfsári sínu og hefur sömuleiðis verið öflug það sem af er þessu skólaári og stutt vel við bakið á nemendum.

Aftur var boðið uppá verkleg námskeið í samstarfi við vinnuskóla Reykjanesbæjar og Sandgerðisbæjar. Sett voru upp námskeið í fimm verklegum fögum eins og á síðasta ári og nemendum vinnuskólans (sem voru úr 9. bekkjum grunnskóla) gafst þannig kostur á að kynnst vinnu á verkstæðum skólans í fjórum af þessum fimm greinum. Þetta gekk mjög vel og vonandi er hægt að hafa framhald á þessu. Það voru fyrirtæki á svæðinu sem komu til móts við þetta verkefni og styrktu það.

Kynningarfundur var haldinn síðastliðið vor eins og áður með nemendum tíunda bekkja og foreldrum hér í skólanum í tengslum við forinnritun. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann, námsframboðið og aðstöðuna sem í boði er.

Skólinn er aðili að og á fulltrúa í vinnuhópi um heilsueflandi samfélag í Reykjanesbæ en skólinn er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Viðauki 1.

Rekstraryfirlit v/ársskýrslu FS	2018	2017	2016	2015	2014
Heiti		Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
Dagvinna	604.608.053	588.907.435	553.337.682	500.605.189	405.403.146
Aukagreiðslur	5.816.860	12.242.116	4.929.578	8.011.856	8.914.798
Yfirvinna	224.481.590	216.232.399	196.055.741	161.080.376	120.878.399
Launatengd gjöld	193.653.278	188.828.172	176.805.344	160.469.173	127.867.528
Orlofskuldbinding	19.660.824	0	0	0	0
	1.048.220.605	1.006.210.122	931.128.345	830.166.594	663.063.871
Fundir, námskeið og risna	6.080.937	2.029.385	2.854.608	2.117.431	2.606.772
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	540.412	432.535	152.850	137.600	307.870
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	1.355.039	788.710	363.374	971.330	453.650
Akstur	2.973.530	3.217.542	3.190.638	2.983.452	2.926.716
	10.949.918	6.468.172	6.561.470	6.209.813	6.295.008
Tímarit, blöð og bækur	1.137.664	990.392	1.151.633	770.794	1.018.601
Skrifstofuvörur og áhöld	6.662.769	7.762.554	8.744.365	6.825.825	6.635.551
Aðrar vörur	35.608.326	33.779.124	28.927.055	26.590.266	20.662.876
	43.408.759	42.532.070	38.823.053	34.186.885	28.317.028
Önnur sérfræðipjónusta	15.067.734	15.750.446	11.487.855	9.063.284	7.349.430
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	3.485.685	2.735.482	2.700.814	2.437.753	2.410.187
Prentun, póstur, augl., flutningar	2.018.194	2.564.591	2.567.201	1.757.605	1.932.338
Sími og ýmis leigugjöld	3.183.513	3.229.769	3.051.236	3.879.730	3.475.278
	23.755.126	24.280.288	19.807.106	17.138.372	15.167.233
Verkkaup og byggingavörur	3.549.134	7.473.714	1.211.114	841.361	2.412.128
Rafmagn og heitt vatn	15.574.867	14.720.725	12.780.884	15.448.760	12.558.033
Húsaleiga og aðk. ræsting	117.910.460	113.212.996	107.585.632	102.992.748	101.017.094
	137.034.461	135.407.435	121.577.630	119.282.869	115.987.255
Brennslufni og olíur	46.376	54.184	117.026	83.468	16.199
Verkstæði og varahlutir	309.554	125.822	0	158.504	117.023
	355.930	180.006	117026	241.972	133.222
Vextir, bætur, skattar	142.257	164.825	281.157	362.019	398.598
Afskriftir eigna	16.403.302				
Eignakaup	0	18.020.610	12.216.675	23.315.697	29.164.259
Tilfærslur	202.502	273.140	270.000	574.600	920.000
	16.748.061	18.458.575	12.767.832	24.252.316	30.482.857
Samtals gjöld	1.280.472.860	1.233.536.668	1.130.782.462	1.031.478.821	859.446.474
Sértekjur	-78.600.569	-71.930.216	-38.914.173	-27.259.805	-27.761.445
	-78.600.569	-71.930.216	-38.914.173	-27.259.805	-27.761.445
Aðrar rekstrartekjur	-11.544.000	-12.057.000	-13.913.000	-12.687.000	-13.017.745
	-11.544.000	-12.057.000	-13.913.000	-12.687.000	-13.017.745
Framlag ríkissjóðs	-1.208.913.470	-1.188.280.600	-1.091.450.523	-1.007.627.220	-793.169.652
Framlag til afskrifta	-16.296.509	0	0	0	0
	-1.225.209.979	-1.188.280.600	-1.091.450.523	-1.007.627.220	-793.169.652
Samtals tekjur	-1.315.354.548	-1.272.267.816	-1.144.277.696	-1.047.574.025	-833.948.842
Gjöld ekki tiltekin	0	25.285.784	0	0	0
		25.285.784	0	0	0
		-38.731.148	0	0	0
	-34.881.688	-13.445.364	-13.495.234	-16.095.204	25.497.632